

Séreignarsparnaður

Hverjir geta lagt til hliðar í séreignarsjóð?

Launamenn á aldrinum 16–70 ára geta gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki, líftryggingafélag eða lífeyrissjóð vegna iðgjalda til séreignar eða viðbótartryggingaverndar.

Vegna breytinga frá 1. júlí 2014, á ákvæðum laga [30. grein laga um tekjuskatt nr. 90/2003] sem fela það í sér að draga má greidd lífeyrисиðgjöld sem nema nú allt að 8% af heildarlaunum frá skattstofni, þá er starfsmanni heimilt að greiða allt að 4% af heildarlaunum sem iðgjald í séreignarsjóð til viðbótar við lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð. Sjóðfélagar í séreignarsjóði fá jafnhátt mótframlag frá launagreiðanda allt að 2%.

Er hægt að velja af hvaða starfi séreign reiknast?

Upplýsingar sem skráðar eru í „Séreignarmyndinni“ birtast hjá öllum stofnunum ríkisins sem viðkomandi starfsmaður vinnur hjá. Ef starfsmaður er í fleiri en einu starfi hjá ríkinu er séreignarsparnaður reiknaður af launum allra starfa í Orra.

Nýskrá séreignarsparnað

Til að skrá séreignarsparnað launþega þarf að gera eftirfarandi:

1. Smella á hnappinn „Séreign“ í „Einstaklingskráningar-myndinni“.

Mynd 1. Séreignarsparnaður - Smella á hnappinn „Séreign“

Séreignarsparnaður

2.

Smella á punktana þrjá í reitnum „Sparnaðarleið“.

Launatímabil	Útboraunardagur	Launatímabil lokar
1 2013 Calendar Mont	01.02.2013	29.01.2013

Sparnaðarleið	Prósenta	Reikniregla	Dags frá	Dags til	Geymslustaður
...		Öll laun lífeyrissj	28.01.2013		

Mynd 2. Séreignarsparnaður - Aðalgluggi

3.

Velja viðeigandi sjóð úr valmyndinni „Séreignasparisjóðir“ og smella á „OK“

Find %

- Reporting_Name
- Lífeyrissjóður starfsm ríkisins séreign
- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga séreign
- Lífeyrissjóður tannlækna séreign
- Lífeyrissjóður verkfræðinga séreign
- Lífeyrissjóður verslunarmanna séreign
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga séreign
- Lífeyrissjóður Vestmannaeyja séreign
- Lífeyrissjóðurinn Lífið séreign
- Lífsvál sparissjóðanna - séreign
- Líftryggingafélag Íslands séreign
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn séreign
- Samvinnulífeyrissjóðurinn séreign

Find Eind OK Cancel

Mynd 3. Séreignarsparnaður - Velja viðeigandi sjóð

Séreignaprósenta viðkomandi kemur fram á þeim séreignasamningi sem starfsmaður hefur gert við viðkomandi vörsluáðila séreignar, lífeyrissjóði, eða sérstaka séreignasjóði.

4.

Næst skal skrá viðeigandi tölu í reitinn „Prósenta“ sem viðkomandi ætlar að spara af launum sínum.

Launatímabil	Útboraunardagur	Launatímabil lokar
1 2013 Calendar Mont	01.02.2013	29.01.2013

Sparnaðarleið	Prósenta	Reikniregla	Dags frá	Dags til	Geymslustaður
Lífeyrissjóður starfsm ríkisins séreign	2	Öll laun lífeyrissj	28.01.2013		

Mynd 4. Séreignarsparnaður - Setja inn prósentu

Reikniregla fyrir séreignarsparnaðinn opnast þegar smelt er á punktana aftast í reitnum „Reikniregla“. eins og í myndinni hér fyrir neðan.

Reiknireglur

Find %

Meaning

- Öll laun lífeyrissjóðir
- Annað en dagvinna

Find Eind OK Cancel

Mynd 5. Séreignarsparnaður - Reiknireglur

Reiknireglan er stillt á „Öll laun lífeyrissjóðir“, því það er nánast alltaf valið, en þá reiknast séreignarsparnaðurinn af öllum launum eins og iðgjöld til lífeyrisstjóða. Einnig er hægt að velja að það sem fari í séreignasjóð, sé eingöngu reiknað af öðrum launum en dagvinnu(mánaðarlaunum).

Séreignarsparnaður


5.

Þá skal setja inn í reitinn „Geymslustaður“ þá stofnun sem geymir samninginn.

Alltaf skal skrá séreignasamning um leið og hann berst og hafa dagsetningu kerfisins stillta á daginn í dag. Þá kemur rétt dagsetning í Reitinn „Dags frá“. Þetta á þó ekki alltaf við. T.d. ef verið er að skipta um vörsluaðila, þá getur átt við að biða með skráningu í tvo mánuði, eða skrá fram í tímann

Mynd 6. Séreignarsparnaður - Setja inn geymslustað

6.

Að lokum er skráningin vistuð með því að smella á  á tækjastikunni eða halda samtímis niðri <Ctrl> + <S>. Þá tekur samningurinn gildi frá og með næstu útborgun

Útskráning séreignarsparnaðar


Til þess að taka út samning þarf að gera eftirfarandi:

1.


Smella á hnappinn „Séreign“ í „Einstaklingskráningar-myndinni“.

Mynd 7. Séreignarsparnaður - Smella á hnappinn „Séreign“


2. Smella á línuna með þeim sjóði sem á að stöðva. Þe setja bendilinn í þá línu sem við á. Vera með kerfið stillt á síðasta almanaksdag þess mánaðar, sem séreignasjóður á að gilda út.



Mynd 8. Séreignarsparnaður - Velja sjóð til að stöðva

3. Smella á  á tækjastikunni.


4. Til þess að ganga snyrtilega um kerfið, skal velja „Lokadagsetning“ í glugganum sem birtist. Sé smellt á „Hreinsa“ eyðist öll saga um viðkomandi séreignarsparnað og þá ekki hægt að fletta því upp síðar meir, þá aðgerð á ekki að nota ef séreign hefur verið greidd í þann sjóð



Mynd 9. Séreignarsparnaður - Velja lokadagsetningu

5. Þegar búið er að vista kemur upp dagsetning í reitinn „Dags til“. Hún vísar til þess dags þegar samningurinn er tekinn út, en hann mun gilda til loka þess mánaðar.

Dags. til þarf að vera síðasti almanaksdagur mánaðarins ef séreignasjóðurinn á að reiknast með útborgun þess mánaðar. Eins og í þessu dæmi 31. janúar 2013.



Mynd 10. Séreignarsparnaður - Lokadagsetning vistuð

3

Hvenær hættir séreign að reiknast af launum? Þegar lokadagsetning er komin á séreignarsparnað þýðir það að samningurinn hefur verið stoppaður og virkar ekki frá og með eins og í þessu tilfelli, frá og með febrúar.

Breyting á séreignarsparnaði

Valinn er sérign hnappurinn á Einstaklings-skráningarmyndinni

1.

Alltaf skal vera með Dagsetningu dagsins í dag þegar unnið er í Séreign. Smella á hnappinn „Séreign“ í „Einstaklings-skráningar-myndinni“.

Mynd 12. Séreignarsparnaður - Smella á hnappinn „Séreign“

Breyta hlutfalli sparnaðar úr 2% í 4%

Þá kemur upp myndin hér að neðan og þar sem við erum eingöngu að breyta hlutfalli sparnaðar úr 2% í 4% þá er nægjanlegt að setja bendilinn í svæðið „Prósenta“ þar sem stendur 2 og breyta í 4, ath. ekki á að skrá prósentumerkið (%) í svæðið.

Sparnaðarleið	Prósenta	Reikniregla	Dags frá	Dags til	Geymslustaður
Lífeyrissjóður starfsm ríkisins	2	Öll laun lífeyriss	18.06.2014		Fjársýsla ríkisins
		Öll laun lífeyriss	18.06.2014		

Mynd 11. Séreignarsparnaður - Skráning séreignarsparnaðar

Hérna er búið að setja 4 í stað 2 í skráningu á séreignarsparnaði. Síðan er smeltt á hnappinn „Vista“

Mynd 13. Séreignarsparnaður - Breyting á Prósentu séreignarsparnaðar

Þá kemur upp eftirfarandi mynd og valið er að „Uppfæra“, því við viljum að sagan sé sýnileg.

Mynd 14. Séreignarsparnaður - uppfæra skráningu

Frá og með deginum í dag höfum við því breytt séreignaskráningu viðkomandi þannig að frá og með næstu útborgun greiðir viðkomandi 4% af launum sínum í séreignarsparnað.

Breyting á öðrum atriðum í séreignarsamningi.

Ef um breytingu á aðila séreignarsparnaðar er að ræða er rétt að endadagsetja núverandi samning eins og farið er yfir hér að framan og síðan Uppfæra breytinguna.

Síðan skal skrá nýjan aðila með þá séreignaprósentu sem er í þeim samningi. Og enn þarf að muna eftir því að uppfæra breytingarnar því við viljum eiga sögu þeirra.